

7.9.2021



Myllan hefur ákveðið með tilliti til neytendaverndar og í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að innkalla ostaslaufur með best fyrir til og með 10.09.2021 vegna vanmerktra ofnæmis- og óþolsvalda (hnetur og sojalesitín).

Vegna mistaka var rangri vöru pakkað í ostaslaufupoka.

Ranga varan sem var þökkuð inniheldur ofnæmisvaldana hnetur og sojalesitín.

Rétta varan (ostaslaufur) hefur birkifræ ofan á og er þannig hægt að greina á milli rangrar og réttrar vöru.

Neytendur með óþol eða ofnæmi fyrir hnetum og sojalesitíni eru varaðir við að neyta vörunnar.

Varan er örugg þeim sem ekki hafa ofnæmi eða óþol fyrir hnetum og soja.

Myllan vill biðja viðskiptavini sína innilegrar velvirðingar á þessum leiðu mistökum.

Vnr. 1687 Myllu Ostaslaufur 4 stk

Strikamerki: 5690568014967

Best fyrir: Best fyrir dags til og með 10.09.2021

Dreifing: Verslanir um land allt.

Hægt er að skila pakkningunum í verslanir þar sem þær voru keyptar eða til Myllunnar Blikastaðavegi 2.

Frekari upplýsingar fást hjá gæðadeild Myllunnar (gaedaeftirlit@myllan.is / s. 5102300)

7.9.2021



Útlit réttar vöru:



Útlit rangrar vöru – engin birki frá:

